

Sþ.

661. Tillaga til þingsályktunar

um eftirlit með framkvæmd laga um fiskveiðar í landhelgi.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að brýna fyrir löggæzlumönnum að gæta þess, að lögum um rétt til fiskveiða í landhelgi verði stranglega framfylgt.

Greinargerð.

Undanfarin stýrjaldarar hafa Íslendingar að mestu setið einir að fiskveiðum við strendur landsins. Hvað síldveiðarnar snertir, hefur ekki á þessum árum verið um að ræða neina þátttöku í þeim af hálfu útlendinga. En það var vitað mál, að strax og stríðinu línnti, mundu þær nágrannaþjóðir okkar, sem áður hafa stundað síldveiðar hér við land, leita aftur á miðin. Á síðastliðnu sumri voru allmörg síldveiðiskip hér við land frá Noregi og Svíþjóð. Allar líkur benda til, að tala erlendra síldveiðiskipa hér við land, svo sem og annarra veiðiskipa, fari hraðvaxandi á næstu árum. Það þótti mjög við brenna á síðastl. sumri, að eftirlitið með veiðum og athöfn-um þessara erlendu skipa í landhelginni hafi verið mjög sljótt og andvaralaust. Er engu líkara en að hlé það, sem varð á þátttöku erlendra skipa í þessum veiðum hér á stýrjaldararunum, hafi stungið löggæzlumönnum ríkisins svefnþorn. Útgerðarmenn og fiskimenn staðhæfa, að hin erlendu fiskiskip hafi stundað veiðar innan landhelginnar og unnið þar að verkun aflans, og að svo rammt hafi hér kveðið að lögbrotum og yfirtroðslum í þessu efni, að þess hafi verið dæmi, að afli þeirra hafi verið verkaður í höfnum inni fyrir augum löggæzlunnar, án þess að þar væri nokkuð aðhafzt. Er slíkt virðingar- og skeytingarleysi af hálfu þeirra manna, sem trúað er fyrir að halda í heiðri lögum landsins, með öllu óviðhlítandi og ekki að undra, þó sjómönnum og öðrum, sem eiga afkomu sína undir þessum atvinnuvegi, sé ekki rótt, er þeim er með slíkum hætti storkað af hálfu valdhafanna. Landhelgin og nýttjar allar innan hennar er eign Íslendinga einna, eins og landið sjálft og nýttjar þess. Einn meginþáttur í baráttu okkar fyrir tilveru og sjálfstæði þjóðarinnar er að gæta þess, að landsmenn einir sitji að þeim gæðum, sem þar eru á boðstólum. Íslendingum er mjög tilfinnanlega þröngur stakkur skorinn vegna þess, hversu að þeim er kreppt um landhelgina. Verða þeir því að kosta kapps um það hvort tveggja samtímis að haga þannig gæzlu hennar, að ekki eins þumlungs afnot af henni falli öðrum í skaut en Íslendingum sjálfum, og að haldið sé uppi harðri sókn og baráttu fyrir því, að landhelgin verði stækkuð að verulegum mun frá því, sem nú er.

Löggæzla á sviði þessara mála má ekki stundinni lengur vera í höndum þeirra manna, sem hafa sljóan hug og loppnar hendur. Þar verður að grípa í taumana. Öll hálfvelgja og hlédrægni verður þar að þoka fyrir röggssamlegri og strangri framkvæmd þeirrar löggjafar, sem sett er til að vernda einkarétt okkar í þessu efni.

Í frv. um breytingu á lögum um rétt til fiskveiða í landhelgi, sem ég flyt jafnhliða þessari tillögu, er lagt til, að sektir fyrir brot á lögnum verði hækkaðar verulega.

Um bæði þessi atriði, stranga framkvæmd laganna og hækkun á sektarákvæðunum, gerði síðasta fiskiþing samþykktir og lagði á það ríka áherzlu, að mál þetta yrði tekið föstum tókum.